

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Guðbjörg Sigurðardóttir
Sölvhóls götu 7
101 Reykjavík



Reykjavík, 15. ágúst 2018

Efni: Grænbók sem liður í stefnumótun á málefnasviði hagskýrslugerðar, grunnskráa og upplýsingamála (Mál nr. S-88/2018)

Viðskiptaráð Íslands þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri sjónarmiðum er snúa að stefnumótun á þessu sviði. Ráðið fagnar því að stjórnvöld skuli hefja þessa vinnu og sýni vilja til að bæta hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál. Áherslur og framtíðarsýn í þá átt að þarfir notenda séu í fyrirrúmi, aukna skilvirkni, einskráningu og að rafræn þjónusta séu fyrsti kostur eru skref í rétta átt að mati ráðsins. Almennt má segja að drögin að grænbókinni lofi góðu og að þau skapi sterkari grundvöll fyrir aukna skilvirkni hins opinbera með því að nýta nýjustu tækni á sem bestan hátt. Þó eru sjö atriði sem Viðskiptaráð vill benda á eða undirstrika að tekið sé tillit til við þessa vinnu:

1. Allar opinberar hagtölur á einum stað
2. Meginreglan á að vera að gögn séu ætíð aðgengileg – ekki eingöngu hefðbundnar hagtölur
3. Gögn eiga, ef hægt er, að vera aðgengileg án gjaldtöku – dæmi frá fasteignamarkaði
4. Gögn frá Hagstofu og fleiri stofnunum miðist í meira mæli að þörfum stefnumótunar
5. Uppfæra þarf kafla 2.7.3 með nýjustu vísitölum Sameinuðu Þjóðanna
6. Rafræn skilríki hjá einkaaðilum
7. Rafræn birting reglugerða með síðari breytingum verði meginreglan

1. Allar opinberar hagtölur á einum stað

Í kafla 3.6 um lykilviðfangsefni til næstu ára er meðal annars fjallað um að efla aðgengi að gögnum hins opinbera á miðlægum stað en einnig er fjallað um að opin gögn leiði til nýsköpunar fyrir allt samfélagið í kafla 4.3.5. Í þessum anda vill Viðskiptaráð undirstrika mikilvægi þess að öll opinber talnagögn sem ráðuneyti, stofnanir og aðrir opinberir aðilar safna saman séu aðgengileg á einum miðlægum stað.

Í dag eru opinberar hagtölur og önnur slík gögn ekki miðlæg hjá Hagstofu Íslands. Sem dæmi gefur Seðlabankinn út ýmis gögn sem snúa að fjármálakerfinu o.fl., FME heldur utan um gögn um lífeyrissjóði, Vinnumálastofnun heldur utan um skráð atvinnuleysi, Þjóðskrá birtir ýmis gögn um fasteignamarkað og Samband sveitarfélaga birtir ýmis konar upplýsingar um rekstur sveitarfélaga.

Það væri til mikilla bóta ef unnt væri að nálgast sem flest gögn líkt og þessi á einum á sama staðnum, til dæmis hjá Hagstofu Íslands þar sem viðmótið er samræmt og notendavætt. Slíkt auðveldar notendum að afla upplýsinga um íslenskt samfélag. Þannig má stuðla að upplýstari umræðu og ákvarðanatöku.

2. Meginreglan á að vera að gögn séu ætíð aðgengileg – ekki eingöngu hefðbundnar hagtölur

Ganga ætti sem lengst í því að gögn hins opinbera séu aðgengileg og þá ekki eingöngu hinar hefðbundnu hagtölur sem nú þegar eru tæknilega séð aðgengileg og fjallað er um hér að ofan. Í kafla 4.2 á blaðsíðu 22 er lögð áhersla á að almenningur beri traust til stjórnáætlunar þar sem greiður aðgangur sé að upplýsingum um stjórnáætlun og gagnagrunnar í vörslu ríkisins séu opnir til endurnota og nýsköpunar.

Aukinn aðgangur að gögnum er að mati Viðskiptaráðs rétt skref í átt að nútímasamfélagi þar sem upplýsingaflæði, gagnsæi og aukin skilvirkni eru höfð í fyrirrúmi. Stjórnvöld og opinberar stofnanir sinna flóknum og fjölbreyttum verkefnum og safna gífurlegu magni af gögnum og gæti birting þeirra í meira mæli haft verulegan samfélagslegan ávinning.

Gott dæmi er Open Data DK í Danmörku, sem eru samtök sveitarfélaga og landssvæða um að gera gögn opinber í þeim tilgangi að örva nýsköpun og gagnadrifinn hagvöxt.¹ Hugbúnaður sem byggir á gögnum frá Open data DK er fjölbreyttur og veitir upplýsingar um leikvelli, losun sorps, ferðir strætisvagna og hjálpar þar að auki fólki að finna tryggingar við hæfi.² Viðskiptaráð skorar á stjórnvöld að leita leiða til að koma á svipuðum vettvangi hér á landi.

Meginreglan að mati Viðskiptaráðs á að vera að gögn séu ætíð aðgengileg og er mikið hagræði fólgið í því að birting opinberra gagna sé samræmd og aðgengileg.

3. Gögn eiga, ef hægt er, að vera aðgengileg án gjaldtöku – dæmi frá fasteignamarkaði

Síðustu ár hefur verið nokkur umræða um skort á gögnum um fasteignamarkaðinn. Það væri til mikilla bóta að auka opið og gjaldfrjálst aðgengi að gagnagrunnum Þjóðskrár Íslands um fasteignir og fasteignaviðskipti. Í dag rukkar Þjóðskrá 39.000 króna byrjunargjald fyrir sérvinnslur úr fasteignaskrá sem takmarkar möguleika á að fólk afli sér upplýsinga, en dregur einnig úr tíðni þess að upplýsingum þaðan sé miðlað til þeirra sem eiga viðskipti með fasteignir, sem eru í raun landsmenn allir. Húsnæðiskostnaður er stór útgjaldaliður flestra fyrirtækja og sá stærsti hjá heimilum landsins svo mikið er í húfi.

Viðskiptaráð vill að meginreglan sé að opinber ópersónugreinanleg gögn séu ætíð opin almenningi og sett fram á einfaldan og skýran hátt. Að þessu sögðu kunna að koma upp aðstæður þar sem gjaldtöku er þörf, t.d. ef hið opinbera er í samkeppni við einkaaðila um veitingu gagna og annarra upplýsinga.

4. Gögn frá Hagstofu og fleiri stofnunum miðist í meira mæli að þörfum stefnumótunar

Hagstofan og aðrar opinberar stofnanir sem birta opinber gögn eiga að gæta fyllstu hlutlægni. Á sama tíma er einn tilgangurinn með starfsemi Hagstofunnar að afla gagna og setja þau fram til að við hin getum skilið heiminn betur og í framhaldinu mótað skoðun á hvernig hann á að þróast. Í þessu samhengi má nefna að Samráðsvettvangur um aukna hagsæld hefur notast við geiraskiptingu íslensks efnahagslífs sem rekja má til skýrslu McKinsey & Co. frá 2012.³ Sú geiraskipting þykir lýsandi fyrir Ísland en er þó stundum á reiki. Því væri mikið hagræði fólgið í því ef einn aðili, þá Hagstofan, myndi taka slíka geiraskiptingu upp og halda utan um til að einfalda eftirfylgni við þróun geira hagkerfisins.

¹ Sjá helstu upplýsingar um Open Data DK: <http://www.opendata.dk/om/hvad-er-open-data-dk>

² Sjá dæmi um afurðir sem byggja á Open Data DK: <http://www.opendata.dk/viden-om/use-cases>

³ Skýrslan „Charting a Growth Path for Iceland“ (2012): <https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/Skyrslur/charting-a-growth-path-for-iceland-2012.pdf>

Viðskiptaráð leggur því til að Hagstofan og aðrir bregðist við þörfum notenda og samfélagsins í auknum mæli, t.d. vegna opinberrar stefnumótunar, þó ekki þannig að það ógni sjálfstæði, trúverðugleika og hlutlægni stofnunarinnar.

5. Uppfæra þarf kafla 2.7.3 með nýjustu vísitölum Sameinuðu Þjóðanna

Lykilatriði er að stöðumat miðist ætíð við nýjustu upplýsingar. Þó að Viðskiptaráð efast ekki um að það sé gert er samt rétt að benda á að ný útgáfa af E-Government Survey Sameinuðu Þjóðanna (SP) var birt í síðasta mánuði.⁴ Því þarf að uppfæra kafla 2.7.3 með nýjustu tölum.

6. Rafræn skilríki hjá einkaaðilum

Í kafla 3.2.1. er minnst á að rafræn skilríki hafi sætt gagnrýni vegna aðkomu einkaaðila að rekstri og útgáfu slíkra skilríkja og væntanlegri gjaldtöku fyrir notkun þeirra. Viðskiptaráð er þeirrar skoðunar að úthýsing þjónustu til einkaaðila getur sparað hinu opinbera verulega fjármuni ásamt því að auka hagkvæmni í rekstri.

Á ýmsum sviðum eru einkaaðilar betur til þess fallnir að sinna verkefnum en hið opinbera, og á sviði rafrænnar traustþjónustu krefst slík vinna fjölbreyttrar og flókinnar þekkingar. Við úthýsingu slíkra verkefna skapast sterkur hvati til frekari þróunar á viðkomandi sviði. Hið sama er uppi á teningnum í nágrannalöndum okkar, en í Danmörku er notast við auðkenningarkerfi einkaaðila og í Svíþjóð kaupa opinberir aðilar afnot af auðkenningarskipan frá banka og símfyrirtæki.

7. Rafræn birting reglugerða með síðari breytingum verði meginreglan

Viðskiptaráð vill leggja til eitt ákveðið atriði sem mögulega varðar grænbókina að takmörkuðu leyti en er engu að síður frekar einfalt atriði til að bæta upplýsingagjöf hins opinbera til þegna landsins: Að reglugerðir séu birtar í heild með öllum síðari breytingum. Nú er sá hátturinn hafður á að reglugerðir eru birtar í reglugerðarsafni Stjórnarráðsins og allar síðari breytingar á þeirri reglugerð birtar í aðskildum skjölum.

Í mörgum tilvikum hefur tiltekinni reglugerð verið ítrekað breytt svo flókið getur verið að fá heildarsýn yfir reglugerðir. Þessu má breyta með einföldu lagafrumvarpi líkt og því sem lagt var fram veturinn 2015-15: „Ef gefin er út breyting við stjórnvaldsfyrirmæli skv. 3. gr. eða við samning skv. 4. gr. skal fella texta hennar við gildandi stjórnvaldsfyrirmæli eða samning og birta á vef þess ráðuneytis sem fer með framkvæmd málaflokksins.“⁵

Virðingarfyllt,



Konráð S. Guðjónsson

Hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

⁴ Sjá skýrslu <https://publicadministration.un.org/egovkb/en-us/Reports/UN-E-Government-Survey-2018>

⁵ Sjá frumvarp: <https://www.althingi.is/altext/145/s/0257.html>